

1801099 – Kaplakriki, framkvæmdir

Á bæjarráðsfundi þann 25. september s.l. lagði Adda María Jóhannsdóttir fulltrúi Samfylkingar svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingar fagnar því að fundargerðir Kaplakrikahóps séu loks birtar og kynntar í bæjarráði. Nú er ljóst að hópurinn hefur fundað a.m.k. þrisvar, þann 16. og 22. ágúst og 21. september sl. Óskað er eftir formlegum skýringum á því hvers vegna fundargerðir hafa ekki verið birtar eða kynntar í bæjarráði fyrr en nú, þegar ljóst er skv. erindisbréfi að hópurinn starfar í umboði bæjarráðs og fjárheimildir skuli vera fyrir útgjöldum. Í ljósi upplýsingaskyldu, er einnig óskað formlegra skýringa á því hvers vegna legið hefur verið á þessum gögnum í margar vikur, annars vegar út frá markmiðum um ábyrgð, traust og gagnsæi sem sett eru fram í upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar og hins vegar gagnvart bæjarfulltrúum þegar skýrt er kveðið á um aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum í 1. gr. verklagsreglna, sem og 20. gr. samþykktu um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaða og 28. gr. sveitarstjórnarlaga.

Einnig er farið fram á að að verkáætlanir og mat á framvindu verks sem vísað er til í fundargerðum séu birtar með fundargögnum. Eins að þeir samningar sem fundargerðir vísa til séu settir undir fylgigögn með málinu.

Þá er óskað formlegra svara við því hvað í erindisbréfi Kaplakrikahópsins gefi tilefni til að áætla að hópurinn hafi heimildir til að greiða út úr bæjarsjóði, fyrst 100 milljónir og nú 70 milljónir skv. fundargerð frá 21. september sl.

Svar:

Ítrekuð eru þau svör sem áður hafa komið fram um hvers vegna fundargerðir Kaplakrikahóps voru ekki lagðar fram fyrr en í bæjarráði 25. september s.l. Fundargerðir Kaplakrikahóps voru staðfestar á fundi hópsins 21. september s.l. og birtar í bæjarráði 25. september s.l. eins og áður hefur komið fram.

Verkáætlanir og mat á framvindu verksins hafa verið birtar með fundargögnum.

Ítrekað er svar sem lagt var fram í bæjarráði 30. ágúst s.l. „Að stofna til kostnaðar á hér við um utanaðkomandi ráðgjöf til starfshópsins.“